

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, tengingar við aðalगतnakerfið.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að gerð er nánari grein fyrir helstu tengingum innra gatnakerfis Akureyrar við stofn- og tengibrautir. Á gildandi þéttbýlisuppdrætti er gerð grein fyrir aðalगतnakerfi bæjarins. Í breytingunni eru tengingar við aðalगतnakerfið, sem liggja yfir óbyggð svæði og opin svæði til sérstakra nota, settar inn á skipulagsuppdrátt og jafnframt bætt inn vegum utan þéttbýlis sem ekki eru stofn- eða tengivegir. Aðrar tengingar og innra gatnakerfi verða skilgreind í deiliskipulagi.

Bætt er við tákni fyrir „aðrar götur“ í skýringum.

Jafnframt er gerð sú lagfæring að sett er inn á uppdráttinn tákn fyrir hverfisverndarsvæði í miðbæ í samræmi við texta og mynd í kafla 3.3 í staðfestri greinargerð en táknið hafði fallið niður á staðfestum uppdrætti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. júní 2010.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.